

REGLUR

um breytilega þætti starfskjara stjórnarmanna og starfsmanna fjármálafyrirtækja.

1. gr.

Gildissvið.

Reglur þessar gilda um fjármálafyrirtæki samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002.

2. gr.

Breytileg starfskjör og flokkun starfsmanna sem hafa áhrif á áhættusnið fjármálafyrirtækis.

Að því er varðar gerninga sem nýttir eru við greiðslu kaupauka, sbr. 10. tölul. 1. mgr. 57. gr. b laga um fjármálafyrirtæki, skal fjármálafyrirtæki fara eftir reglugerð (ESB) nr. 527/2014, sbr. 3. gr.

Um skilgreiningu á stjórnendaábyrgð, eftirlitssviði, mikilvægri rekstrareiningu, verulegum áhrifum á áhættusnið mikilvægrar rekstrareiningar og starfsmönnum sem hafa veruleg áhrif á áhættusnið fjármálafyrirtækis skv. 57. gr. f laga um fjármálafyrirtæki, fer eftir reglugerð (ESB) 2021/923, sbr. 3. gr.

3. gr.

Innleiðing reglugerða.

Með reglum þessum öðlast eftirtaldar reglugerðir gildi hér á landi:

- Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 527/2014 frá 12. mars 2014 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina flokka gerninga sem endurspegla með fullnægjandi hætti láns hæfi stofnunar við áframhaldandi rekstrarhæfi og er viðeigandi að nota með tilliti til breytilegra launakjara, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 81/2019 frá 29. mars 2019 sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 44 frá 2. júlí 2020, bls. 65, með þeim aðlögunum sem leiðir af ákvörðuninni. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 69 frá 29. október 2020, bls. 54-61.
- Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/923 frá 5. mars 2021 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla til að setja fram viðmið til að skilgreina stjórnendaábyrgð, eftirlitssvið, mikilvægar rekstrareiningar og veruleg áhrif á áhættusnið mikilvægrar rekstrareiningar, og sett eru fram viðmið til að auðkenna starfsfólk eða flokka starfsfólks sem í starfi sínu hefur áhrif á áhættusnið stofnunarinnar sem er sambærilegt við veruleg áhrif starfsfólks eða flokka starfsfólks sem um getur í 3. mgr. 92. gr. þeirrar tilskipunar, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun EES-nefndarinnar nr. 142/2022 frá 29. apríl 2022 sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 61 frá 22. september 2022, bls. 96.

Með vísan til heimildar í ákvæði til bráðabirgða III í lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, sbr. lög nr. 57/2015, vísar Seðlabanki Íslands til birtingar enskrar útgáfu af reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/923 í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins (e. Official Journal of the European Union): <https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/ALL/?uri=CELEX:32021R0923>, birt í OJ deild L, undirdeild R, nr. 203, þann 9. júní 2021, bls. 1-7.

4. gr.
Gildistaka.

Reglur þessar, sem settar eru með heimild í 4. mgr. 57. gr. f. og 8. tölul. 1. mgr. 117. gr. a laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, öðlast gildi þegar í stað. Með gildistöku þeirra falla úr gildi reglur nr. 790/2022, um breytilega þætti starfskjara stjórnarmanna og starfsmanna fjármálafyrirtækja.

Seðlabanka Íslands, 1. júlí 2024.

Ásgeir Jónsson
seðlabankastjóri.

Rannveig Júníusdóttir
framkvæmdastjóri.

—————
B-deild – Útgáfudagur: 1. júlí 2024